

ÓREIDA

Óreiða

(c) Daniel Ben, 2021

Kápa: Stefanía Tara Þrastardóttir

Prentun: Háskólaprent

1. prentun

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan máta,
að hluta til eða í heild,
án skriflegs leyfis höfundar.

Daniel Ben

Hér segir frá hugarangri mínu.

Áföll,
ást & sorg
lýsir þeirri óreiðu sem líf
mitt hefur haft upp á að bjóða.

AFAKVEÐJA

Ég kveð þig nú í hinsta sinn,
en veit að við sjáumst aftur.

Þú varst bestur afi minn
og í þér mikill kraftur.

Þú og amma saman á ný,
hjá ykkur var best að vera.

Án ykkar ég aftur sný,
það verður þungt að bera.

LÍFSNEISTINN

Það er erfitt að hugsa til þess
að þú munir aldrei muna.
Gamla tíma, gömul sár,
nýja tíma og gleðitár.

Það er eins og tíminn hafi stöðvast
og þú gekkst inn í annan heim.
Heim þráhyggju og vonar,
hvað ef ég bý ekki hér?

Hugsa sér hvað tíminn líður
sonur minn er orðinn stór.
Ætli þetta sé konan mín?
Á ég þetta barn?

Þarna kemur strákurinn,
hann hjálpar mér við allt.
Hann keyrði mig heim á jeppanum
og nú skal ég þakka honum margfalt.

ÁST & PAKKAR

Það er af sem áður var,
aðeins litlir krakkar.
En í dag við erum þar
gleði, ást og þakkar.

TARAN

Hjartað mitt slær svo ótt og títt,
það er allt þér að þakka.
Einu sinni var þetta allt svo nýtt,
ég man eftir þér sem krakka.

Við skunduðum saman hlið við hlið,
lékum stundum saman.
Í æskublóma stóðum við.
Það var býsna gaman.

Tölvvert eldri við erum í dag,
þó ekki nema nokkrum árum.
Stóðum frammi fyrir framhaldskólafag,
deildum þónokkrum tárur.

Í dag loks við kærustupar erum,
ó hvað það er ljúft.
Að fá að kyssa þig kossi berum,
er þetta kannski orðið of drjúgt?

FAÐMURINN

Ó elsku mamma,
hvar værum við án þín?
Hlýjan faðm og opin arm,
heppinn ég að þú sért mamma mín.

Þú ert gull og gersemi,
svo hlýleg að það skín.
Þrautsegja og þolinmæði
og huggun þegar hún er brýn.

MAMMA

Drottinn minn hvað tíminn líður,
mamma mín er orðin stór.
Eftir barnabörnum bíður,
en í bili verður að duga bjór.

Ekki örvænta móðir góð,
helminginn átt'enn eftir.
Þú ert hetja og svo fróð,
betri verður þú bara héreftir.

Ekki verður ljóðið lengra,
en mundu þetta mamma mín:
Það er orðið algengara
að fimmtug kona drekki vín.

FAÐIR

Faðir er maður
sem á utanum þig að halda.
Ganga í gegnum lífið
og hjálpa þér að anda.

Faðir er ímynd
sem deilir með þér draumum.
Leiðir þig frá byrjun
og hjálpar þér í þungum raunum.

Faðir er hetja
sem ýtir þér áfram.
Hann slær súperman við
enginn er eins og hann.

DALBÆJARDÚLLUR

Heppnin var með mér
er ég byrjaði hér.
Umkringdur dömum,
ekki er það nú ólíkt mér.

Af konum er ég ríkur,
lukkulegt er það.
Helvíti er dásamlegt
að eiga ykkur að.

ÁSMUNDUR

Elsku ljúfi Ásmundur,
árin líða hratt.

Þín góða hönd og hlýjann arm
ég alltaf finn er vin ég þarf.

Góði vinur þú mér gefur
lit í gráa daginn minn.
afmælisdagur enn einn líður,
elsku gamli karlinn minn.

LÍFIÐ SEM ALDREI VARÐ

Það er endalaust til af fólki
sem leitar af því sama og ég.
En hversvegna ég skil ekki,
það þurfti að vera ég.

Þú aldrei komst í heiminn
en samt ég á þig hér,
þú aldrei lærðir orðin
en gleym ég mun þér ei.

Heppin við að eiga þig
elsku litla baun.
Þó ekki hafi orðið meir
þá á þetta samt við um þig.

Ég elskaði af öllu hjarta
svo mikið að það brast.
Nú þarf ég að þúsla saman,
það er vont að elska svona fast.

LITLA LJÓSIÐ

Litla líf þú gerðir mig
svo glaðan að ég brann.
Við munum alltaf eiga þig
því ást þína ég fann.

Mamma og pabbi urðum við
þú alltaf verður fyrst
elsku litla ljósið mitt
hjarta mitt þú fannst.

HVAÐ EF ÉG ER EKKI KONA?

Berst við mig sjálfa, hvað sé ég?
Brotna ímynd manna.
Vertu svona, gerðu hitt,
hagaðu þér eins og kona.

Sittu þrúð og stattu bein,
krosslegðu lappir.
Ekki blóta, vertu þen,
og ekki ropa né freta.

Vonin er svo mikil
um að ég verði alltaf svona.
Get ég staðið undir henni,
og bara hagað mér eins og kona?

Vonlaus barningur
um frelsi og kjark.
Stend upp á móti straumnum
á meðan allir aðrir vona.

Hvað er svona merkilegt,
afhverju þarf þetta að vera svona?
Má ég ekki bara vera ég
á meðan þú situr og vonar?

Von um að fá að vera ég,
ég er engin kona.
Líttu á mig, sérðu mig?
Það þykir mikið til mín koma.

Þó svo að við séum alls ekkert eins,
er ég samt ekkert verri.
Ég vil fá að vera ég,
því ég er jú bara svona.

LJÓÐIN HANS AFA BENNA

HUGLEIÐING GAMALLS MANNS

Oft minn hugur aftur líður,
hjá ungbarnsvöggum ég þá stóð.
Mig undrar títt hve tíminn flýgur,
á tugum fjórum dóttir góð.

19.MARS 2016

Oft í landa laumar sér,
og léttir af sér okinu.
Þá er gott að ekkert er,
að honum í kokinu.

SJÁLFLÝSING

Við sjálfan mig svo aðsjáll að ég tími ei að borða ket,
að engum dyljist má minn sultarkengur.
Svo tærður er ég allur að ég tæpast migið get,
því tillinn hann er skorpinn einsog þvengur.

15.FEBRÚAR 2002

Sextuga sændarkona,
sæmilega líst oss að vona.

Á afmælisdaginn,
allt gangi í haginn,
elskaða eiginkona.

NOREGSFÖR

Í Noregi er nægur kvennablómi,
og náttúrulega hver annarri penni.
Upp þær ljúka allar einum rómi,
er hann ekki að koma þessi Benni?

Ekkert gagn í gamla Bens,
gjörir lítt sig bjóða.
Af því hans er alveg laus,
Arnarsþingaskjóða.

HEILRÆÐI

Tvinnast hafa tryggðarbönd,
treyst er lífsins saga.
Gangið saman hönd í hönd,
heil um ævi daga.

JANÚAR 2021

1. JANÚAR

Ekki gera þér of miklar vonir,
því það eru einmitt þeir,
sem standa þér næst,
sem brjóta hjartað þitt.

2. JANÚAR

Ég elska hvernig allt,
er orðið,
öðruvísi en áður.
Þú leitar til mín,
vantar ráð.

Aldrei mun ég dæma,
því elsku ungi drengur,
við erum nákvæmlega,
það sama.

3. JANÚAR

Ég er loksins farinn að þekkja,
muninn á alvöru og gervi.
Ég hef alltaf haldið að væri nóg,
að setja bara upp vegg.

4. JANÚAR

Ég fann ekkert nógu gott
og rómantískt til að gefa þér.
Svo ég gaf þér mig.

Mig langar að gefa þér allt
en vona að ég dugi til.

5. JANÚAR

Ég sit oft einn,
en mér finnst það betra.
Það er nógu mikill hávaði
í hausnum á mér.
Svo ég bæti margmenni
ekki við líka.

6. JANÚAR

Ég læri að lifa,
lifa með þér.
Því án þín
er ekkert.

7. JANÚAR

Það kyngir niður,
sveimér þá ef
það snjóar ekki í
hausnum á mér líka.

Það er allavega
þoka.

8. JANÚAR

Allt snýst
í höndum mér.
En það er eðlilegt,
með þér er,
allt eðlilegt.

9. JANÚAR

Hversu dásamlegt
að eiga þetta allt.

Ég hef aldrei
haft allt þetta
í höndum mér.

10. JANÚAR

Þau standa í mér
orðin sem ég á.
Ekki til
sama hvað ég reyni.
Þau sitja föst.

11. JANÚAR

Ég gæfi þér allt
ef ég gæti.
Ég gæfi þér heiminn
ef ég ætti.
Ég gæfi þér hafið
ef ég mætti.

12. JANÚAR

Mér finnst ég þekkja þig
eins og þú hafir alltaf
verið til.

Alltaf verið í lífi mínu
og alltaf verið mín.

Það er gott
að elska einhvern meira.
Meira en lífið sjálft.

13. JANÚAR

Það getur verið yfirþyrmandi,
aðþrengjandi og kæfandi.

Að elska einhvern,
eins og ég elska þig.

14. JANÚAR

Hafið er stór hluti
af heiminum.
Jafn stór hluti
og þú ert af mér.
Og án þín
er ég tómur.

15. JANÚAR

Það er ekkert eins og áður.

Ég er að kafna.

Það er erfitt og þungbært
að vera alltaf þessi vondi.

16. JANÚAR

Ég þarf ekki að breytast
bara svo þú
elskir mig loksins
eins og ég er.

17. JANÚAR

Erfiðu dagarnir
eru að baki þér.
Og einungis tímabundnir.

18. JANÚAR

Það er þungt að bera
einhvern eins og þig.
Sem léttir ekkert undir
með mér.

19. JANÚAR

Stundum flæða þær
útum allt og yfir alla.
Ég hef stundum enga stjórn,
en stundum er ég skipstjórinn.
En það er alveg sama
því þér virðist vera sama.
Þessar tilfinningar
voru alltaf ætlaðar þér.

20. JANÚAR

Ég þarf ekki annað en
að horfa í augun þín.
Þá veit ég hvar
ég á heima.

21. JANÚAR

Tíminn er stopp
og líður ekki neitt.
Ég ligg og hugsa,
það er í alvörunni
enginn eins og ég.

22. JANÚAR

Við gerum allt svo flókið
en samt er það svo einfalt.
Það þarf ekki að vera meira;
Má ég bara halda þér smá?

23. JANÚAR

Hetja lífs míns
er ekki ég sjálfur.
Heldur þú.
En hver er ég
án skykkjunar þinnar?

24. JANÚAR

Himininn, fjöllin,
sólin og skýin.
Þau bæta upp,
fyrir þetta allt.

25. JANÚAR

Samveran er engu lík,
sama hvað ég geri.
Það er eins og allt þetta,
verði allt í einu í lagi.

26. JANÚAR

Gulur, rauður, grænn og blár,
það er alveg sama.

Það skiptir engu máli,
hvort það er drengur eða dama.

27. JANÚAR

Manneskja kemur,
inn í lífið þitt.
Gefur því lit,
liti sem þú hefur,
aldrei séð áður.

28. JANÚAR

Ég næ alltaf að,
halda mér á floti.
Núorðið er það,
auðveldara en áður.

29. JANÚAR

Þegar öllu er á botninn hvolft,
er það hamingjan sem skiptir máli.
Því hana er alls ekki að finna,
á hverju einasta strái.

30. JANÚAR

Þegar hjartað er brákað,
og tilfinningar flæða.
Er um að gera að tala,
og alls ekki bæla.

31. JANÚAR

Gaman væri að allt væri 100,
en seint við fáum það úthlutað.
Hjartað það batnar og sárin gróa,
þig ég vildi en þú fékkst að róa.